


Nr.: GÁT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags: 30.08.2011	ÍSL 202 Kennsluáætlun vorönn 2015	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 3		

Kennari	Anna Lilja Harðardóttir, Emilía Baldursdóttir og Þórdís H Jónsdóttir	Sk.st.	ALH, EMB, ÞHJ
----------------	--	---------------	---------------

Áfangalýsing:

Í áfanganum er farið yfir ýmsa þætti íslensks máls, s.s. stafsetningu, orðflokkgreiningu og greinarmerkjasetningu. Rætt verður um helstu hugtök í greiningu skáldsagna og nemendur lesa eina kjörbók. Auk þess eru rifjuð upp undirstöðuatriði í meðferð ritaðs máls og farið yfir reglur um upptöku og frágang heimilda í skriflegum verkefnum. Nemendur vinna ýmis skrifleg verkefni, s.s. atvinnuumsóknir og rökfærsluritgerðir, en auk þess verður lögð áhersla á munnleg skil verkefna og reglur um framsetningu máls og munnlegan flutning rifjaðar upp í því sambandi. Í námsvinnunni er oftast, að fengnu leyfi kennara, heimilt að vinna í þörum. Verkefnaskil til námsmats eru ýmist einstaklingsvinna eða paravinna.

Markmið:

Að nemandi

- kunni og geti beitt helstu stafsetningarreglum
- þekki helstu orðflokka og geti nýtt sér þá kunnáttu
- þekki og geti beitt helstu hugtökum um skáldsögur
- kunni og geti beitt helstu reglum um greinarmerkjasetningu í texta
- kunni og geti beitt helstu reglum um meðferð og framsetningu ritaðs máls
- kunni og geti beitt helstu reglum um upptöku og frágang heimilda
- geti tjáð sig í ræðu og riti

Námsgögn:

Íslenska 202. Hefti, selt á skrifstofu VMA.


Kjörbókalisti: Freyju saga – Múrin eftir Sif Sigmarsdóttur

Hjálp eftir Þorgrím Þráinsson

Myndin í speglinum eftir Ragnheiði Gestsdóttur

Mörður eftir Bjarna Harðarson

Rof eftir Ragnar Jónasson

Nr.: GÁT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags: 30.08.2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 3	ÍSL 202	Kennsluáætlun vorönn 2015

Áætlun um yfirferð:

1. lota (6 vikur) 6. jan. - 13. febr. Málfræði, stafsetning og bókmenntir.

Kynning á áfanga og námsefni. Nemendur velja bók af kjörbókalista og hefja lestur hennar. Lotan hefst síðan á stuttri upprifjun á helstu málfræði – og stafsetningarreglum og reglum um greinarmerki. Nemendur vinna ýmsar æfingar sem tengjast þessum atriðum sem og tímaverkefni sem gildir 25% af lokaeinkunn (nemendur mega hafa námsgögn og vinna saman í þorum).

Í seinni hluta lotunnar er rætt um bókmenntahugtök í tengslum við kjörbækurnar og nemendur vinna í kennslustund bókmenntaskýrslu sem gildir 15% af lokaeinkunn (einstaklingsvinna en nemendur mega hafa eigin námsgögn). **Samanlögð einkunn fyrir lotuna er 40% af lokaeinkunn.**

2. lota (4 vikur) 16. febr. - 13. mars Rökfærsluritgerð og kynning.

Rifjaðar upp helstu reglur um ritun, framsetningu og frágang ritaðs máls. Nemendur vinna fyrst efnisgrind að rökfærsluritgerð, bæði hvað varðar hugmyndir og uppbyggingu (5% af lokaeinkunn). Nemendur fá leiðsagnarmat frá kennara á efnisgrindina og fullvinna síðan ritgerðina samkvæmt reglum þar um (kennaramat 15% af lokaeinkunn þar sem m.a. er metið hvernig nemendur vinna úr ábendingum í leiðsagnarmatinu. Sjálfsmat nemanda á efnistöku og vinnubrögðum í þessari lotu 5% af lokaeinkunn). Lotunni lýkur með því að nemendur kynna efni og niðurstöður ritgerða sinna munnlega (5% af lokaeinkunn). Námsvinna og vinnuskil í þessari lotu eru einstaklingsvinna.


Samanlögð einkunn fyrir lotuna er 30% af lokaeinkunn.

3. lota (3 – 4 vikur) 16. mars – 10. eða 17. apríl Heimildanotkun – heimildaskrá.

Farið yfir smíði og frágang heimildaritgerða og reglur þar að lútandi. Fjallað um upptöku og frágang heimilda (tilvitnanir, tilvísanir, heimildaskrá) og unnin ýmis æfingaverkefni. **Lotunni lýkur með tímaverkefni sem gildir 20% af lokaeinkunn** (nemendur mega hafa námsgögn og vinna saman í þorum).

4. lota (2 - 3 vikur) 13. eða 20. apríl – 30. apríl Ferilskrá og atvinnuumsókn.

Umræður um störf og starfsval og unnin skrifleg verkefni, s.s atvinnuumsókn og ferilskrá. Ef tími vinnst til í lok lotunnar gera nemendur munnlega grein fyrir „draumastarfinu”. **Einkunn fyrir lotuna er 10% af lokaeinkunn** (einstaklingsvinna).

Nr.: GÁT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags: 30.08.2011	ÍSL 202 Kennsluáætlun vorönn 2015	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 3		

Verkefni, námsmat og vægi námsþátta:

Áfanginn er próflaus í annarlök en námsmat og lokaeinkunn byggjast á eftirfarandi verkþáttum annarinnar:

- | | |
|---|------------------------------------|
| 1. lota: Tímaverkefni í málfræði, stafs, og greinarm. | 25% paravinna með námsgögn |
| Bókmenntaskýrsla, tímaverkefni | 15% einstaklingsvinna með námsgögn |
| 2. lota: Rökfærsluritgerð | 20% einstaklingsvinna |
| Munnleg kynning á efni ritgerðar | 5% einstaklingsvinna |
| Sjálfsmat nemanda | 5% einstaklingsvinna |
| 3. lota: Heimildaverkefni, tímaverkefni | 20% paravinna með námsgögn |
| 4. lota: Verkefni skrifleg (og munnleg) | 10% einstaklingsvinna |

Brýnt er að nemendur mæti vel og sinni skilvíslega verkefnavinnu sem að mestu fer fram í tímum.

Verkefnum skal skilað á tilsettum skiladegi hverju sinni, sbr. reglur þar um sem fylgja kennsluáætluninni.

Nemandi sem er veikur á prófdegi, eða við önnur vinnuskil, skal tilkynna það að morgni til skrifstofu skólans, annars missir hann próftökurétt sinn/rétt til skila.

Þeir nemendur sem missa af prófum/tímaverkefnum, vegna gildra ástæðna, eiga kost á því að vinna það upp, að höfðu samráði við kennara, einhvern af næstu 5 kennsludögum eftir próf-/matsdag.

Símar og önnur snjalltæki eru óheimil í kennslustundum nema með leyfi kennara. Nemandi sem ekki virðir þessa reglu má búast við að honum verði vísað úr kennslustund sbr. skólareglur.

Þessi kennsluáætlun er birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils